

Nr. 007 / 11 Gulltoppur GK 24***Fær í skráfuna og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 1458
Smíðaður: Seyðisfirði 1976 stál
Stærð: 98,8 brl. 159,9 bt.
Mesta lengd: 26,92 m Skráð lengd: 24,96 m
Breidd: 5,9 m Dýpt: 5,3 m
Vél: Caterpillar 313 kW, 1975
Fjöldi skipverja: 6



Gulltoppur ©Harþór Hreiðarsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 17. janúar 2011 var Gulltoppur GK 24 á siglingu til hafnar um 8 sml NV af Sandgerði. Veður: VSV 16-20 m/sek. 4-5 m ölduhæð.

Vakthafandi stýrimaður í brú varð var við hávaða úr afturskipinu og vélin þyngdi verulega á sér. Hann kúplaði þegar frá skráfunni áður en kafnaði á vélinni. Þegar kúplað var aftur að skráfu dró strax niður í vélinni.

Skipstjóri hafði samband við strandstöð og óskaði eftir aðstoð við að draga skipið til hafnar. Björgunarskipið Hannes Þ. Hafstein dró Gulltopp GK til Keflavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að við köfun kom í ljós að keðja, sem talin var vera úr netabauju, var föst á milli skráfu og skráfuhings og fjarlægði kafarinn hana;
- að atvikið varð eftir kl. 19:00 en þá var komið myrkur;
- að hefðbundinn búnaður netabauju er flagg efst á stönginni, belgur og andvægi (þyngingu). Ekki er venja að búa netabaujur ratsjárspogli né ljósi.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var sú að skipið sigldi yfir netabauju.